

## Lífaldur - kennsluferill. Lokadagur til að tilkynna...

Í kjölfar samninga á síðasta ári þurftu starfandi kennarar, við undirritun samnings, að velja milli þess að tengja símenntunarflokka sína við kennsluferil eða lífaldur. Þeir sem koma inn í kerfið eftir það fara sjálfkrafa á kennsluferil-tengingu.

Kennsluferill telst sá tími sem viðkomandi hefur kennt og telst námstími ekki með. Ef viðkomandi hefur verið leiðbeinandi, kennt í framhaldsskóla, tónlistarskóla eða í skóla á EES-svæðinu, telst sá tími til kennsluferils. Einnig námsleyfi á launum og fæðingarorlof. Nokkuð hefur verið spurt um hvort þeir

kennarar sem völdu lífaldurstengingu glati þeim réttindum ef þeir flytja sig til í starfi á milli sveitarfélaga. Svo er ekki og helst lífaldurstengingin óbreytt. Um þetta var fjallað á 66. fundi samstarfsnefndar LN og KÍ 4. ágúst s.l. Í bókun frá fundinum segir:

Val kennara um kennsluferil í stað lífaldurs við ákvörðun símenntunarflokka.

„Fyrir 1. nóvember 2005 skulu kennarar, sem voru í starfi við undirritun núgildandi kjarasamnings, hafa tilkynnt launagreiðanda hvort þeir velja að kennsluferils-

viðmið en ekki lífaldursviðmið skuli gilda við ákvörðun símenntunarflokka skv. gr. 1.3.5. Hafi kennari, sem var í starfi við undirritun kjarasamningsins, ekki valið kennsluferilsviðmið skal miða við lífaldur þótt viðkomandi kennari ráði sig hjá öðru sveitarfélagi.”

Þetta þýðir að þeir kennarar, sem voru í starfi við undirritun kjarasamnings og telja að þeir hafi ekki valið rétt af einhverjum ástæðum, þurfa að láta vita fyrir 1. nóvember 2005. Eftir þann tíma verður ekki hægt að breyta um viðmið.

### ITIC kortin

Nú um mánaðamótin hófst útgáfa kennarakortanna, þ.e. ITIC skirteina. Til að sækja um kort þarf aðeins að fara inn á heimasíðuna okkar [www.ki.is](http://www.ki.is)



Allir handhafar ITIC korta fá **10.000 kr. afslátt** af umsóknargjaldi málaskóla hjá Stúdentaférfum Exit.is, sé málanámið bókað og staðfest fyrir desemberlok 2005. Gildir fyrir ITIC korthafa, maka og börn.

Við viljum benda ITIC korthöfum á að



Stúdentafærðir Exit.is er með úrval **gististaða** við allra hæfi á frábæru verði, ásamt **ódyrustu bílaleigubílum** sem völ er á, víðs vegar um heiminn. Hægt er að skoða hvað er í boði og fá allar upplýsingar um gististaði og aðra þjónustu á heimasíðu Stúdentaférfu [www.exit.is](http://www.exit.is) Á heimasíðu Exit má einnig finna lista yfir fyrirtæki á Íslandi sem veita ITIC korthöfum afslætti af vöru og þjónustu.

### Haustþing svæðafélaga

Nú þegar hafa Kennarafélag Vestmannaeyja og Kennarasamband Vestfjarða haldið haustþing sín. Kennarasamband Austurlands (KSA) heldur haustþing sitt að Djúpvavogi 15. og 16. september. Þrjú félög halda haustþing sín 23. september. Það eru Kennarafélagin á Suðurlandi, KS, (haldið á Flúðum), Norðurlandi Vestra, KSNV, (haldið á Siglufirði) og Norðurlandi Eystra, BKNE, (haldið á Hrafnagili).



Frá haustþingi í Eyjum.

### Námslaun skólaárið 2006-2007

Verkefna- og námsstyrkjasjóður Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands auglýsir eftir umsóknum um námslaun vegna framhaldsnáms á skólaárinu 2006-2007. Væntanlegir styrkþegar fá greidd laun á námsleyfistíma í allt að tólf mánuði eftir lengd náms. Umsóknir sendist til Verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík.

### Umsóknarfrestur rennur út 1. október 2005.

Eyðublöð fást á skrifstofu sjóðsins og heimasíðu Kennarasambandsins [www.ki.is](http://www.ki.is). Nánari upplýsingar veitir starfsmaður sjóðsins á skrifstofu Kennarasambandsins. [margret@ki.is](mailto:margret@ki.is) Umsóknarfrestur í Námsleyfasjóð sveitarfélaganna rennur einnig út 1. október. Nánar um báða sjóði á [www.ki.is](http://www.ki.is) eða á bls. 12 og 14 í handbók KÍ.

Á félagsfræðiprófi fyrir mörgum árum:

Nemendur voru beðnir um að útskýra orðið „þinghelgi“. Útskýring eins nemandans var: „þinghelgi merkir það að þingmenn séu friðaðir um helgar“.



### Úr ráðuneytinu

Skólamálanefnd félagsins fór ásamt stjórn á fund í

ráðuneyti menntamála til að kynna sér stöðuna á endurskoðun námsskráa fyrir grunnskólann. Nú hafa flestir hópar sem voru að störfum skilað af sér. Gert er ráð fyrir að breytingarnar verði kynntar í janúar 2006.

\*\*\*

Fulltrúum Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands voru í síðustu viku kynnt fyrstu drög að breytingum á grunnskólaálögum sem ráðgert er að leggja fram á haustþingi. Nánar um það síðar.

Munið að fara vel yfir vinnuskýrslur / vinnuramma áður en skrifað er undir.

